



Stjórnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og
loftslagsráðuneytið

urn@urn.is
545 8600

Skuggasundi 1,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Skotfélag Reykjavíkur
Engjavegi 6
104 Reykjavík

Reykjavík 13. september 2022
Tilv.: UMH22080049/8.14

Ráðuneytið vísar til erindis Skotfélags Reykjavíkur, dags. 23. ágúst sl., þar sem sótt er um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi til þess að halda verkleg námskeið fyrir umsækjendur um skotvopnaleyfi en um er að ræða verkefni fyrir Umhverfisstofnun og lögreglu. Fram kemur að til standi að halda námskeiðið fjórum sinnum en um sé að ræða, laugardagana 17. september, 1. október, 22. október og 5. nóvember, kl. 10-18 alla dagana. Undanþágan þurfi að veita heimild til kennslu á haglabyssusvæðinu sem og á riffilvellinum. Á riffilvellinum sé notast við tvo riffila með hlaupvídd cal.223 og séu þeir útbúnir með hljóðdeyfum. Eins verði notast við 3-5 riffila með hlaupvídd cal.22lr og væri einnig hægt að bjóða notkun þeirra með hljóðdeyfum. Hljóðmengun vegna þeirra yrði því hverfandi. Auk þess yrði skotsvæði Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis (Skotreyrn) opið til skotfimi með haglabyssum á sama tíma og því lítill sem engin viðbótarhávaði sem myndi berast frá svæðinu af þessum völdum. Fram kemur einnig að Skotfélag Reykjavíkur telji ríkar ástæður til þess að veita undanþáguna í ljósi þess að ef halda þyrfti þessi námskeið utan höfuðborgarsvæðisins þýddi það aukinn tíma þátttakenda í ferðir og viðbótarakstur upp á 70-80 km. Námskeiðin myndu þá flytjast í Hafnir með tilheyrandi mengun ökutækja og orkunotkunar, sem komast mætti hjá ef þau yrðu haldin á Álfsnesi. Reiknað væri með að þátttakendur yrðu allt að 100 manns á hverju námskeiði. Lögð hafi verið inn umsókn um endurnýjun starfsleyfis til Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur en litlar sem engar líkur væru taldar á að ljúka mætti vinnu við starfsleyfið og gefa það út innan þess tímaramma sem framangreint kalli á, nema hugsanlega síðustu tvær dagsetningarnar. Starfsleyfi félagsins hafi verið með gildistíma til 11. mars 2023 en það hafi verið fellt úr gildi þar sem Reykjavíkurborg hafi ekki haft heimild til ráðstöfunar Álfsness undir skotsvæði samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkurborgar. Breyting á aðalskipulaginu hafi verið samþykkt í borgarstjórn í desember 2021 og þar með hafi verið heimilt að ráðstafa svæðinu undir starfsemi skotíþróttar frá þeim tíma.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I, II og IV, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 er ráðherra heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, enda sé komin fram fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis, sbr. 1. másl. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Afmarka skal undanþágu við þá þætti sem nauðsyn krefur í samræmi við þá meginreglu að allur atvinnurekstur skuli hafa gilt starfsleyfi.

Í ljósi framangreinds sendi ráðuneytið erindið til umsagnar Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur.

Í umsögn Umhverfisstofnunar frá 29. ágúst sl., kemur fram að samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur hafi Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur borist umsókn um starfsleyfi þann 11. júlí sl. en tillaga að starfsleyfi hafi ekki verið auglýst á heimasíðu eftirlitsins. Bendir Umhverfisstofnun á að árlega fari um 5-600 nemar í gegnum skotvopnanámskeið Umhverfisstofnunar. Af þeim fari um 4-500 nemar í gegnum námskeiðið í Reykjavík. Til að ljúka námskeiðinu þurfi nemendur að fara í gegnum verklega kennslu á skotvelli þar sem þeir m.a. skjóti úr haglabyssu og litlum og stórum riffli. Mikilvægur hluti námsins sé að fara ítarlega yfir öryggisatriði við meðhöndlun skotvopna. Ef ekki reynist unnt að taka þennan fjölda gegnum námskeiðið á þessum fjórum dögum þurfi að beina þeim á smærri skotvelli sem ekki séu eins vel í stakk búnir til að taka á móti þessum fjölda nemenda. Það dragi úr gæðum kennslunnar og tilgangi hennar, sem sé að útskrifa öruggari skotvopnaleyfishafa. Þá geti það einnig komið niður á öryggi manna á námskeiðinu sjálfu. Þar sem Umhverfisstofnun haldi umrætt námskeið og heilbrigðisnefnd sé útgefandi starfsleyfisins muni stofnunin ekki taka afstöðu til þess hvort ríkar ástæður séu fyrir hendi til að veita undanþágu frá kröfu um starfsleyfi. Umhverfisstofnun telji mikilvægt að leitað verði umsagnar Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur um hvort skilyrði séu fyrir hendi til að veita undanþágu. Stofnunin leggi til, verði undanþága veitt, að fylgt sé samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi og starfsleyfisskilyrðum í nýútgefnu starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur til Skotreyrn á Álfsnesi, m.a. er varðar opnunartíma á skotvöllum. Einnig væri hægt að hafa hliðsjón af ógildu starfsleyfi Skotfélags Reykjavíkur. Auk þess leggi stofnunin til að undanþágan gildi einungis þar til starfsleyfi hafi verið gefið út. Stofnunin bendi einnig á að fylgja þurfi þeim kröfum sem mælt sé fyrir um í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Í umsögn Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur frá 6. september sl. kemur fram að nefndin hafi mótttekið umsókn Skotfélags Reykjavíkur um starfsleyfi fyrir skotvöll félagsins í Álfsnesi þann 11. júlí sl. Ákvörðun Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis vorið 2021 hafi verið felld út gildi af hálfu úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í september 2021 og hafi heilbrigðinefndin í kjölfarið stöðvað starfsemi á skotvelli félagsins. Meti Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur umsókn Skotfélagsins um starfsleyfi fullnægjandi. Í beiðni um undanþágu sé óskað eftir undanþágu til að sinna verkefnum fyrir Umhverfisstofnun og lögreglu sem felist í verklegri kennslu fyrir umsækjendur um skotvopnaleyfi í Álfsnesi á ákveðnum tímasetningum á bilinu 17. september til 5. nóvember nk. Ljóst sé að Skotfélagið telji ástæður beiðnarinnar brýnar en Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur leggi ekki mat á hversu ríkar ástæður séu fyrir beiðninni í skilningi laga nr. 7/1998 og reglugerðar nr. 550/2018 en telji ljóst að mikilvægt sé að halda slík námskeið m.a. vegna öryggismála og dýravelferðar. Starfsemi á skotvöllum í Álfsnesi valdi ónæði í umhverfinu og því hafi Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur takmarkað opnunartíma vallanna í starfsleyfi. Við vinnslu starfsleyfisumsóknar Skotfélagsins þurfi að ákveða opnunartíma. Líklegt sé að opnunartími skotsvæða beggja skotfélaga á Álfsnesi verði sá sami líkt og í fyrri starfsleyfum. Heilbrigðisnefndin telji því að verði undanþága veitt fyrir umrætt námskeiðahald eigi að horfa til ákvæða um opnunartíma á skotvelli Skotreyrn sem samþykkt hafi verið á afgreiðslufundi Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur 26. júlí sl. Í starfsleyfisskilyrðum fyrir Skotreyrn sé kveðið á um eftirfarandi opnunartíma og sérstök ákvæði séu um mótahald. Í greinum 4.1, 4.1.1 og 4.1.2 í starfsleyfisskilyrðum segi að opnunartími skuli takmarkaður til að draga úr áhrifum af völdum hávaða. Skotæfingar skuli heimilar mánudaga - fimmtudaga frá kl. 10-21, þriðjudaga og miðvikudaga frá kl. 10-19 og laugardaga frá kl. 10-16. Heimilt sé að halda skotkeppnir allt að fjórum sinnum á ári með rýmri skottíma eða frá kl. 10-19 á föstudögum, laugardögum og/eða sunnudögum, þó megi mót ekki ná yfir fleiri en tvo daga samfellt. Einungis sé heimilt að halda eitt slíkt mót á í hverjum mánuði. Tilkynna skuli um slíka viðburði til heilbrigðisnefndar og auglýsa á heimasíðu rektraraðila með minnst 14 daga fyrirvara. Ljóst

sé að í umsókn Skotfélagsins sé farið fram á rýmri opnunartíma en það sem starfsleyfi Skotreynar heimili. Geti Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur ekki fallist á það vegna ónæðis sem skotvöllir valdi í nágrenninu. Mat nefndarinnar sé að námskeiðshald falli undir almennan opnunartíma sem sé frá kl. 10-16 á laugardögum. Verði undanþága veitt leggi heilbrigðisnefndin til að námskeiðin verði heimiluð umbeðna laugardaga frá kl. 10-16 til samræmis við gildandi opnunartíma á svæði Skotreynar sem sé samliggjandi skotsvæði Skotfélags Reykjavíkur.

Samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998 skal útgefandi starfsleyfis vinna tillögur að starfsleyfi og auglýsa opinberlega hvers efnis þær séu og hvar megi nálgast þær. Samkvæmt vefsíðu Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur hefur tillaga að starfsleyfi fyrir skotvöllinn ekki verið auglýst. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfisins innan fjögurra vikna frá auglýsingu. Kröfu um kynningarferli skv. 3. mgr. 7. gr. laganna hefur ekki verið fullnægt. Ákvæði laga um kynningu á starfsleyfiskilyrðum eru m.a. til þess að þeir sem geta orðið fyrir áhrifum og/eða óþægindum af tiltekinni starfsemi hafi möguleika á að koma að athugasemdum. Fyrir liggur að þann 26. júlí sl. gaf Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur út starfsleyfi til handa Skotreyrn, fyrir skotvöll í Álfsnesi, þ.e. á sama stað og Skotfélag Reykjavíkur hefur sótt um starfsleyfi fyrir sína starfsemi. Starfsleyfisskilyrði fyrir skotvöll Skotreynar í Álfsnesi fóru í lögbindið kynningarferli þannig að íbúar og aðrir haghafar á svæðinu höfðu tók á að kynna sér skilyrðin og koma sínum ábendingum og athugasemdum á framfæri á kynningartíma.

Ljóst er að umrædd starfsemi felur bæði í sér hávaða og mengun. Í beiðni um undanþágu er bent á að annað skotsvæði með útgefið starfsleyfi sé starfandi við hliðina á skotsvæði Skotfélagsins sem verði með opið til skotfimi með haglabyssum á sama tíma og námskeiðin verði haldið og einnig verði boðið upp á hljóðdeyfa. Lítil sem engin viðbótarhávaði muni því berast frá svæðinu af völdum námskeiðisins. Í umsögnum Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur er bent á sjónarmið er varðar öryggi. Samkvæmt umsögn Umhverfisstofnunar fara um 4-500 nemandur árlega í gegnum skotvopnanámskeið Umhverfisstofnunar í Reykjavík. Ef ekki reynist unnt að taka þennan fjölda gegnum námskeiðið á þessum fjórum dögum þurfi að beina þeim á smærri skotvelli sem ekki séu eins vel í stakk búnir til að taka á móti þessum fjölda nemenda. Bent er á að það geti dregið úr gæðum kennslunnar og tilgangi hennar, sem sé að útskrifa öruggari skotvopnaleyfshafa. Þá geti það einnig komið niður á öryggi manna á námskeiðinu sjálfu. Fram kemur í umsögn Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur að nefndin leggi ekki mat á hversu ríkar ástæður séu fyrir beiðninni í skilningi laga nr. 7/1998 og reglugerðar nr. 550/2018 en telji ljóst að mikilvægt sé að halda slík námskeið m.a. vegna öryggismála og dýravelferðar. Fram kemur einnig að Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur geti ekki fallist á rýmri opnunartíma heldur en hjá Skotreyrn og ef veita eigi undanþágu frá starfsleyfi þá eigi að miða við þann opnunartíma sem er hjá Skotreyrn á laugardögum skv. starfsleyfi, þ.e. frá kl. 10-16. Ráðuneytið gerir ráð fyrir að áhrif starfsemi þessara tveggja félaga sé áþekk og telur því rétt að taka mið af starfsleyfisskilyrðum í nýútgefnu starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur til Skotreynar fyrir skotvöll á Álfsnesi, m.a. er varðar opnunartíma á skotvöllum.

Í ljósi framangreinds veitir ráðuneytið hér með Skotfélagi Reykjavíkur undanþágu frá starfsleyfi til að halda verklegt námskeið fyrir umsækjendur um skotvopnaleyfi á eftirtöldum tímasetningum:

Laugardaginn 17. september kl. 10-16

Laugardaginn 1. október kl. 10-16

Laugardaginn 22. október kl. 10-16

Laugardaginn 5. nóvember kl. 10-16

Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Undanþágan nær eingöngu til verklegs námskeiðs fyrir umsækjendur um

skotvopnaleyfi á þeim tíma sem tiltekinn er hér að framan eða þar til starfsleyfi hefur verið útgefið vegna starfseminnar.

2. Rekstraraðili skal fara að skilyrðum sem koma fram í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, ákvæðum almennra starfsleyfisskilyrða

Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og öðrum lögum og reglugerðum sem eiga við um starfsemina.

3. Viðburðurinn er háður eftirliti Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur.

4. Notkun blýhagla er óheimil.

5. Óheimilt er að nota leirdúfur með tjörubindiefni og leitast skal við að nota leirdúfur með sem minnstu innihaldi af PAH (polycyclic aromatic hydrocarbons).

6. Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða.

7. Huga skal að skotstefnu þannig að hún beinist frá íbúðabyggð, til að minnka eins og kostur er ónæði af völdum hávaða.

8. Rekstraraðila ber að halda skrá um hvenær æfingar fara fram á vellinum og fjölda leirdúfa sem notaðar eru og tegund þeirra. Þessi skrá skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

9. Við hvert skotsvæði/völl skal vera sorpílát fyrir tóm skothylki.

10. Almenn hreinsun á svæðinu skal fara fram allan tímann sem undanþágan er í gildi og strax í lok hvers námskeiðs sem undanþágan nær til. Þannig skulu tóm skothylki, forhlöð, leirdúfurestar og annar úrgangur hreinsað af svæðinu.

11. Skotfélag Reykjavíkur skal þegar auglýsa á heimasíðu sinni fyrirhuguð námskeið sem og að upplýsa Íbúasamtök Kjalarness um þau.

12. Undanþága þessi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni í Álfsnesi.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur fer með mengunarvarnaeftirlit skv. XIV. kafla laga nr. 7/1998 með þeirri framkvæmd sem undanþágan nær til. Skotfélag Reykjavíkur ber ábyrgð á kostnaði af eftirliti eftirlitsaðila. Ber félaginu að fylgja fyrir mælum nefndarinnar um kröfur og starfshætti sem varða mengunarvarnir viðburðarins. Nefndin getur beitt þvingunarúrræðum skv. XVII. kafla laga nr. 7/1998 ef frávik verða frá skilyrðum undanþágu. Vakin er athygli á að Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur gæti í eftirliti þurft að fylgja eftir kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum sem ekki koma fram í skilyrðum hér að framan, gefist tilefni til, enda hefur starfsleyfi ekki enn verið útgefið vegna starfseminnar.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur henni tengdar.

Fyrir hönd ráðherra

Íris Bjargmundsdóttir

Trausti Ágúst Hermannsson

Ljósrit: Umhverfisstofun
Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur